| Nr.: GAT-045<br>Útgáfa: 06<br>Dags.: 29.05.2009<br>Höfundur: GLÁ<br>Samþykkt: HJS<br>Síða 1 af 2 | **Verkmenntaskólinn á Akureyri**<br><br>**Trésmíði**<br>**TRÉ109**<br>**Kennsluáætlun vorönn 2010** | |
|---|---|---|

| ***Nafn kennara:*** | ***Þorleifur Jóhannsson, Ketill Siguðarson og Kristján Davíðsson*** | ***Sk.stöfun:*** | ***ÞOR, KES og KRD*** |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Unnið verður með efnislista og teikningar samhliða niðurefnun í vélum og vélavinnu fyrir spónlagningu. Efnið verður að mestu gegnheil fura, harðviður, spónaplötur og spónn. Litað verður með sprittbæs og lakkað. Verkefnin eru að mestu leiti einstaklingsverkefni, nema sjónvarpsskáparnir sem verða smíðaðir sameiginlega fyrir allan hópinn.

## Markmið:

**Verkundirbúningur**: Efnislistar yfirfarnir og teikningar skoðaðar, ásamt sýnishornum smíðisgripa. Vinnutími áætlaður á hvern verkþátt.

**Verktækni, efnisfræði**: Efnisstærðir með tilliti til niðurefnunar. Vinnsla spóns og efniseiginleikar mismunandi viðartegunda.

**Vélavinna**: Niðurefnun mjúkviðs, harðviðs, spónaplatna, kantlíminga og spóns. Mismunandi leiðir til samsetningar. Kantlíming og fræsingar. Spónskurður í vél, samlíming og saumaskapur.

**Öryggismál** og réttar vinnuaðferðir við tæki og tól.

**Véla– og tækjafræði**: Heiti og notkunarsvið tækja, ásamt stillingum. Mismunandi sagarblöð eftir notkun.

**Límingar, efnisfræði**: Samlíming gegnheils efnis, spónaplatna, spóns og kanta. Spónlagningarlím. PAVC lím. Límingartími og hugtök.

**Handavinna, viðhald verkfæra**: Beiting handverkfæra. Mælingar, uppmerkingar og formun. Brýnsla og viðhald bitverkfæra. Spónskurður og samsetningar spóns í höndum.

**Pússningar** á gegnheilum viði, spæni og köntum. Þykktarpússning, bandpússning og handpússning. Lakkpússning.

**Yfirborðsmeðferð, efnisfræði**. Bæsun með sprittbæs/vatnsbæs og e.t.v. gerum við tilraunir með efnalitun með Calium dicromat (krómkalí).
Sprautulökkun og penslun, ein lakktegund.

## Námsgögn:

Verkefni frá kennurum.

## Áætlun um yfirferð:

| Vika | *Verkefni* |
|---|---|
| 2-3 | Heflun og sögun |
| 3-4 | Opin geirnegling |
| 4-5 | Hálfopin geirnegling |
| 5-6 | Opnanlegt fag – samsetning |
| 6-7 | Samsetning krosspósts |
| 7-9 | Stólkollur |
| 9-10 | Lyfjaskápur |
| 10 18 | Sjónvarpsskápur |

*Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.*

## Námsmat og vægi námsþátta:

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| Verklegt | Verklegt lokapróf | 20% |
| Skyndipróf | Stutt próf við miðannarmat | 10% |
| Frammistaða á önn | Stundvísi, framfarir, ástundun, árangur, reglusemi, símat | 70% |

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**